

## 4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og fellur jafnframt úr gildi breyting á reglugerðinni, dags. 19. janúar 1963.

*Í menntamálaráðuneytinu, 28. febrúar 1963.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Knútur Hallsson.*

6. marz.

Nr. 43.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt á Akureyri.**

## 1. gr.

Greiða skal til bæjarsjóðs Akureyrar fasteignaskatt af fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar eftir neðangreindum reglum.

## 2. gr.

Fasteignaskattur skal miðaður við fasteignamatsverð og vera sem hér segir:

- a. 4% af virðingarverði byggðra lóða.
- b. 2% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. 1% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lenda.

## 3. gr.

Skatt skal reikna af heilum þúsundum fasteignamats, en því sem umfram er, skal sleppa.

Nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 1000 kr., greiðist enginn skattur.

## 4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin landsafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigutaki skattinn.

## 5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 15. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn á skrifstofu bæjargjaldkera.

## 6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum.

## 7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari, eru allar fasteignir bæjarsjóðs Akureyrar, aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, eða rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldur fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

## 8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

## 9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað nr. 92/1943.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 20 18. marz 1961, fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.**

## 1. gr.

Á eftir 1. málsg. 7. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af hlaupareikningi og hliðstæðum reikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldfærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

## 2. gr.

Við 4. málsg. 15. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Vélbókuð kvittun gjaldkera nægir þó, sé um vélabókhald að ræða.

## 3. gr.

Fyrri málslíður 1. málsg. 44. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar, sbr. þó 4. málsg. 15. gr.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt var á aðalfundi bankans 6. apríl 1963, er sett samkvæmt lögum nr. 46/1960, um Verzlunarbanka Íslands hf., og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*